

# Tobii Dynavox EyeMobile Plus Notandahandbók



**tobii** dynavox

## Notandahandbók Tobii Dynavox EyeMobile Plus

Útgáfa 1.1

01/2018

Allur réttur áskilinn.

Copyright © Tobii AB (publ)

Ekki má afrita nokkurn hluta af þessu skjali, geyma það í endurheimtakerfi, eða senda í nokkru formi, með nokkrum leiðum (rafrænum, ljósritun, upptöku eða á annan hátt) án þess að vera með skriflegt leyfi frá útgefanda.

Höfundarréttarvernd nær yfir öll form og efni höfundarréttarvarinna efna og upplýsinga sem gildandi lög leyfa eða eiga eftir að leyfa, þ.m.t. án takmarka, efni sem kemur frá hugbúnaðinum sem sést á skjánum svo sem skjámyndir, valmyndir o.s.frv.

Upplýsingarnar í þessu skjali eru í eigu Tobii Dynavox. Hverskonar endurgerð að hluta eða í heilu lagi án fyrra skriflegs samþykkis Tobii Dynavox er óleyfileg.

Vörur sem er vísað til í þessu skjali geta verið annað hvort vörumerki og/eða skráð vörumerki viðkomandi eigenda. Útgefandi og höfundur gera ekki tilkall til þessara vörumerkja.

Þó að allrar varfærni hafi verið gætt við undirbúning þessa skjals, taka útgefandi og höfundur enga ábyrgð á villum eða yfirsjónum, eða á tjóni sem verður til af notkun upplýsinga í þessu skjali eða af notkun forrita eða forritunarkóða sem gæti fylgt með því. Útgefandi og höfundur bera enga skaðabótaskyldu vegna tapaðs hagnaðar, eða nokkurs annars viðskiptalegs taps sem orsakast af eða er talið hafa orsakast beint eða óbeint af þessu skjali.

Efni getur breyst án fyrirvara.

Athugaðu vefsíðu Tobii Dynavox [www.TobiiDynavox.com](http://www.TobiiDynavox.com) fyrir dagréttu útgáfur af þessu skjali.

EyeMobile Plus Er verndað af eftirfarandi BNA einkaleyfum:

- 7.572.008
- 6.659.611

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Kynning</b>	<b>5</b>
1.1	Útskýringar á viðvörnum	5
1.2	Ætluð notkun	5
1.3	Innihald pakka	6
<b>2</b>	<b>Öryggi</b>	<b>7</b>
2.1	Varist varanlega heyrnarskemmdir	7
2.2	Rafmagn og rafhlöður	7
2.3	Uppsetning	8
2.4	Flogaveiki viðvörn	8
2.5	Innrauð viðvörn	8
2.6	Segulsviðsviðvörn	8
2.7	Öryggi barna	9
2.8	Ekki opna EyeMobile Plus	9
2.9	Neyð	9
2.10	Windows Control	9
2.11	Þriðji aðili	9
2.12	Umhverfisstjórnun	9
<b>3</b>	<b>Byrjað með EyeMobile Plus</b>	<b>10</b>
3.1	Kröfur	10
3.2	Yfirlit	11
<b>4</b>	<b>Rafhlöður í EyeMobile Plus</b>	<b>12</b>
4.1	Rafhlöður	12
4.2	Hleðsla á EyeMobile Plus	12
4.2.1	Athuga hleðslustig	12
4.2.2	Hegðun Power LED	12
<b>5</b>	<b>Notkun EyeMobile Plus</b>	<b>13</b>
5.1	Staðsetning notanda	13
5.2	Innrauð sjálfstýring (IR)	13
5.2.1	Sending IR merkja	14
5.2.2	Forritun IR merkja	14
<b>6</b>	<b>Stillingar</b>	<b>15</b>
6.1	Hljóðnemastillingar	15
6.2	Rofastillingar	15
6.3	Uppsetning Windows Hello	15
<b>7</b>	<b>Viðeigandi hugbúnaður</b>	<b>16</b>
<b>8</b>	<b>Umhirða vöru</b>	<b>17</b>
8.1	Hiti og rakastig	17
8.1.1	Almenn notkun	17
8.1.2	Flutningur og geymsla	17
8.2	Þrif	17
8.3	Flutningur á EyeMobile Plus	17
8.4	Förgun á EyeMobile Plus	17
<b>Viðauki A</b>	<b>Stuðningur og ábyrgð</b>	<b>18</b>
A1	Notendabjónusta	18
A2	Ábyrgð	18

Viðauki B	Fylgni upplýsingar .....	19
B1	FCC yfirlýsing .....	19
B2	Iðnaður í Kanada yfirlýsing .....	19
B3	CE yfirlýsing .....	19
B4	Staðlar .....	19
Viðauki C	Tæknilysingar .....	21

# 1 Kynning

Takk fyrir að kaupa EyeMobile Plus tæki frá Tobii Dynavox!

Til að tryggja hámarks frammistöðu þessarar vöru skaltu taka þér tíma til að lesa þennan leiðarvísir vandlega.

## 1.1 Útskýringar á viðvörnum

Í þessum leiðarvísi notum við (4) stig viðvarana eins og lýst er hér:



Athugið táknið er notað til að tilkynna notanda um eitthvað mikilvægt eða að eitthvað þurfi að að gæta sérstaklega að.



Aðvörun táknið er notað til að upplýsa um eitthvað sem gæti valdið skaða eða bilun í búnaðinum.



Varúð táknið er notað til að upplýsa um eitthvað sem gæti mögulega valdið notandanum skaða ef viðvörnin er hunsuð.



Hár hljóðstyrkur táknið er notað til að upplýsa um eitthvað sem gæti valdið heyrnarskaða.

## 1.2 Ætluð notkun

EyeMobile Plus Er samþætt snjalltækjalausn okkar. Með innbyggðri augnstýringu, IR, rofum, hljóðnemauppstillingu, rafhlöðu, frá- bærum hátölurum og Windows spjaldtölvu ert þú tilbúinn að fara út í heiminn hvort sem þú vilt nota það sem sitengdan tölvu aukabúnað eða sem raddmyndunarlausn. Með EyeMobile Plus ert þú þegar tilbúinn!

EyeMobile Plus Inniheldur augnstýringu sem gerir þér kleift að fara inn í og stjórna Windows spjaldtölvunni með augunum einum saman. Horfðu bara á spjaldtölvuna og veldu skipanir með því að dvelja, þysja og/eða smella á rofa. Einnig geturðu stjórnað mús- ar bendlinum beint með augnhreyfingum.

EyeMobile Plus Er ætlað til notkunar með Windows Control Samskipti með hjálp (AAC) og/eða í tilgangi aðgangs að tölvum sem auka inntaks tæki fyrir lyklaborð og mús fyrir fólk sem á í erfiðleikum með tal / eða aðgang að tölvu vegna líkamstjóns, skerð- ingar eða veikinda.

EyeMobile Plus Er ekki ætlað eingöngu sem augnstýringartæki, heldur inniheldur einnig aðrar inntaks og úttaks aðferðir. Inn- byggð hljóðnemauppstilling er ætluð til notkunar með þó nokkrum mismunandi talkennslahugbúnaði til að gera notanda kleift að lesa fyrir rödd og nota rödd sína til að hjálpa til við að stjórna tölvu. EyeMobile Plus inniheldur einnig rofatengi sem er ætlað að tengjast einum eða fleiri rofum sem geta hjálpað notanda með takmarkaða hreyfigetu við að stjórna hugbúnaði á tækinu.

EyeMobile Plus má einnig nota sem umhverfisstjórnunareiningu með innrauðum útsendingum, t.d. til að stjórna sjónvarpi, hljóm- tækjum, gluggum, o.s.fr.

EyeMobile Plus vinnur ásamt Microsoft Windows Hello og má finnstilla til að nota lífkenna andlitskenni Windows Hello til innskráningar.

Fyrir utan uppsetningu er EyeMobile Plus aðallega stjórnað af notanda með augnstýringu, og er finnstilla að augnhreyfingum hvers notanda. Markmiðið með EyeMobile Plus er að gera notanda kleift að stjórna tölvu, en er ekki ætlað til að stjórna öðrum lækningatækjum.

EyeMobile Plus gefur þér hraða, nákvæma og handfrjálsa leið til að fá aðgang að þeim mörgu leiðum sem tölva getur auðgað líf þitt og gefið þér meira persónulegt sjálfstæði. Þú getur stundað áhugamál þín og nám, farið aftur á vinnustaðinn, haldið sambandi við vini og fjölskyldu, tjáð þig á listrænan og skapandi hátt og skemmt þér.



Skýringarmynd 1.1 EyeMobile Plus



Ekki setja neitt yfir framhliðina á EyeMobile Plus (með skreytingum, Post-it-miðum, o.s.fr.v) þar sem Windows Control verður ógnað.



Ráðlagt er að nota virusvarnarbúnað.

### 1.3 Innihald pakka

- EyeMobile Plus
- Uppsetningar leiðbeiningar
- USB framlengingarsnúra
- Sprennubreytir



Notaðu aðeins hlutina sem fylgja með í EyeMobile Plus pakkanum, þá sem lýst er í pakkaskjölonum og annan samþykktan Tobii Dynavox aukabúnað með EyeMobile Plus.

## 2 Öryggi

EyeMobile Plus Tækið hefur verið prufað og samþykkt þannig að það uppfylli allar tæknilysingar og staðla sem lýst er í *Viðauki B Fylgni upplýsingar, síða 19*. Engu að síður, þarftu að hafa nokkrar öryggisráðstafanir í huga EyeMobile Plus til að tryggja örugga notkun tækisins.



### Engar breytingar á þessum búnaði eru heimilaðar



EyeMobile Plus Má ekki nota sem öryggistæki, og ekki má treysta á það ef svo skildi fara að það hætti að virka vegna rafmagnsleysis eða annarra ástæðna.



Hætta getur verið á köfnun ef litlir hlutir losna af EyeMobile Plus tækinu.



EyeMobile Plus Passa verður að tækið sé ekki útsett fyrir eða notað í rigningu eða veðurskilyrðum sem falla utan við tæknilyngu EyeMobile Plus .



Ung börn og fólk með vitsmunalega skerðingu ætti ekki að hafa aðgang að, eða fá að nota, EyeMobile Plus tækið án eftirlits foreldra eða umsjónarmanna.



EyeMobile Plus Tækið skal nota af varúð þegar farið er um.

### 2.1 Varist varanlega heyrnarskemmdir



Varanlegar heyrnarskemmdir geta átt sér stað ef heyrnartól eða hátalarar eru notaðir með háum hljóðstyrk. Til að koma í veg fyrir þetta, ætti að stilla hljóðstyrk á öruggan styrk. Með tímanum getur þú orðið ónæmur fyrir háum hljóðstyrk sem getur þá hljómað skaplega en samt skemmt heyrn þína. Ef þú upplifir einkenni eins og suð í eyrunum, skaltu lækka hljóðstyrkinn eða hætta að nota heyrnartól. Því hærri sem hljóðstyrkurinn er því minni tíma tekur að skemma heyrnina.

Heyrnarsérfræðingar stinga upp á eftirfarandi ráðstöfunum til að vernda heyrn þína:

- Takmarkaðu tímann sem þú notar heyrnartól á miklum hljóðstyrk.
- Forðastu að hækka hljóðið til að loka á hávæð umhverfishljóð.
- Lækkaðu í hljóðinu ef þú heyrir ekki í fólki tala nærri þér.

Til að setja á öruggan hljóðstyrk:

- Settu hljóðstyrkinn á lága stillingu.
- Hækkaðu hljóðið smátt og smátt þar til þú heyrir það þægilega og skýrt, án truflana.

### 2.2 Rafmagn og rafhlöður



EyeMobile Plus Tækið inniheldur endurhlaðanlega rafhlöðu. Gæði allra endurhlaðanlegra rafhlaðna minnka með tímanum. Þannig getur möguleg tímanotkun EyeMobile Plus eftir fulla hleðslu minnkað með tímanum.



EyeMobile Plus Tækið notar Li-ion Polymer rafhlöðu.

Ef þú ert í heitu umhverfi skaltu hafa í huga að það getur haft áhrif á hleðslugetu rafhlöðunnar. Innri hiti þarf að vera á milli 0 °C/32 °F og 45 °C/113 °F þannig að hægt sé að hlaða rafhlöðuna. Ef innri hiti rafhlöðunnar fer yfir °C/113 °F mun rafhlaðan ekki hlaðast.








Færðu EyeMobile Plus tækið í svalara umhverfi til að láta rafhlöðunar hlaðast almennilega.




Forðastu að láta EyeMobile Plus tækið koma nálægt eldi eða hita yfir 60 °C/140 °F. Þessar aðstæður gætu valdið því að rafhlaðan bili, hitni, það kvikni í henni eða hún springi. Athugaðu að mögulegt er, í verstu tilvikum, að hiti verði hærri en þeir sem minnst er á að ofan í, t.d., skottinu á bil á heitum degi. Þannig að geyma EyeMobile Plus tækið í heitu bil-skotti gæti mögulega leitt til bilunar.




Hladdu EyeMobile Plus rafhlöðuna bara í stofuhita á bilinu 0 °C/32 °F til 45 °C/113 °F.

-  Notaðu aðeins spennubreytinn sem kemur með tækinu til að hlaða EyeMobile Plus það. Ef þú notar annan spennubreyti getur það skemmt EyeMobile Plus tækið illa.
-  Notaðu aðeins hleðslutæki og búnað EyeMobile Plus sem er samþykktur af Tobii Dynavox til að tækið virki örugglega.
-  Ekki opna, eða breyta, kassanum utan um EyeMobile Plus tækið eða rafhlöðuna, þar sem þú gætir orðið fyrir hættulegu raflosti. Tækið inniheldur enga hluta sem krefjast viðhalds. Ef EyeMobile Plus vélbúnaður tækisins eða aukabúnaðar er skemmdur, **Skaltu ekki nota það**.
-  Ef rafhlaðan er ekki hlaðin og EyeMobile Plus er ekki tengt við rafmagn, mun EyeMobile Plus tækið slökkva á sér.
-  Ef rafmagnssnúran er skemmd þarf hæf manneskja að skipta um hana. Ekki nota rafmagnssnúruna þar til búið er að skipta um hana.
-  Sérstakar reglur eiga við um flutningstæki sem innihalda Li-ion Polymer rafhlöður. Ef þau detta, eru kramin, eða skammhlaup verður í þeim, geta þau losað hættuleg magn hita og kviknað getur í þeim, og þau eru hættuleg í eldi. Ráðfærðu þig við IATA reglur þegar þú flytur litium málm eða litium jóna rafhlöður eða rafgeyma: [http://www.iata.org/whatwedo/cargo/dangerous\\_goods/Pages/lithium\\_batteries.aspx](http://www.iata.org/whatwedo/cargo/dangerous_goods/Pages/lithium_batteries.aspx)
-  Spennubreytinn má ekki nota án eftirlits fullorðins eða umsjónaraðila.


## 2.3 Uppsetning

-  EyeMobile Plus ætti að setja upp í samræmi við leiðbeiningar samþykkrtra festinga sem notaðar eru. Tobii Dynavox eða fulltrúar þess bera ekki skaðabótaábyrgð vegna skaða eða líkamstjóns á manneskju eða eignum hennar vegna EyeMobile Plus falls úr uppsettri uppsetningu. Uppsetning EyeMobile Plus er algjörlega á eigin ábyrgð eiganda.


## 2.4 Flogaveiki viðvörðun

-  Sumt fólk með **ljósnæma flogaveiki** er útsett fyrir flogaköstum eða meðvitundarleysi þegar það sér vissar tegundir flasseljósa eða ljósmynstra á hversdagslífinu. Það getur gerst jafnvel þó að manneskjan hafi enga sögu um flogaveiki eða hafi aldrei fengið flog.
- Manneskja með ljósnæma flogaveiki ætti líklega einnig í vandræðum með sjónvarpsskjái, suma spilakassa og blikkandi flúorperur. Slíkt fólk gæti fengið flog þegar það horfir á vissar myndir eða myndur á skjá, eða jafnvel þegar það verður fyrir ljósinu frá augnstýringu. Áætlað er að um 3-5% fólks með flogaveiki sé með þessa gerð ljósnæmrar flogaveiki. Margt fólk með ljósnæma flogaveiki upplifir „áru“ eða finnur fyrir skritnum tilfinningum áður en flogakast hefst. Ef þér leiður skringilega á meðan á notkun stendur, skaltu færa augun frá augnstýringunni.

## 2.5 Innrauð viðvörðun

-  Þegar það er virkjað, gefur EyeMobile Plus frá sér innrauðan (IR) ljóspúls. Viss lækningatæki eru útsett fyrir truflunum frá IR ljósi og/edá geislun. Ekki nota EyeMobile Plus nálægt slíkum útsettum lækningatækjum þar sem nákvæmni þeirra eða virkni gæti versnað.

## 2.6 Segulsviðsviðvörðun

-  EyeMobile Plus Seguluppsetningin inniheldur segla. Segulsvið geta truflað virkni hjartagangráða og ígræddra hjarta-stuðtækja. Almenn gildir að lágmarksfjarlægð sé 6 tommur (15 sentimetrar) á milli allra hluta með segli og hjartatækisins þíns.



## 2.7 Öryggi barna



EyeMobile Plus er háþróað tölvukerfi og rafeindatæki. Og því er það samsett af fjölmörgum aðskildum samsettum hlutum. Barn gæti mögulega tekið suma þessara hluta af, sem gæti valdið hættu á köfnun eða annarri hættu fyrir barnið.

Ung börn ættu ekki að hafa aðgang að, eða nota, tækið án eftirlits foreldra eða umsjónarmanna.

## 2.8 Ekki opna EyeMobile Plus



Sé það gert ógildir það ábyrgðina. Það eru engir hlutar sem krefjast viðhalds inn í. Hafðu samband við Tobii Dynavox Support ef EyeMobile Plus virkar ekki rétt.

## 2.9 Neyð



Ekki reiða þig á tækið fyrir neyðarsímtöl eða bankamillifærslur. Við ráðleggjum að hafa margar leiðir til að hafa samskipti í neyðaraðstæðum. Bankamillifærslur ætti aðeins að framkvæma með kerfi sem bankinn þinn mælir með og samþykkir.

## 2.10 Windows Control



Sumir gætu upplifað vissa þreytu (vegna áreynslu á augu og viðvarandi einbeitingar) eða jafnvel augnþurrk (vegna minni blikkunar) þegar þeir eru fyrst að venjast Windows Control. Ef þú upplifir þreytu eða augnþurrk skaltu byrja hægt og takmarka lengd Windows Control tímanna sem þú notar tækið þangað til þér líður vel með það. Augndropar geta hjálpað við augnþurrk.

## 2.11 Þriðji aðili



Hverskonar notkun á EyeMobile Plus fyrir utan ætlaða notkun og ásamt hugbúnaði eða vélbúnaði frá þriðja aðila sem breytir ætlaðri notkun skapar hættu og ekkert sem Tobii Dynavox getur tekið ábyrgð á.

## 2.12 Umhverfisstjórnun



Ekki má treysta á Umhverfisstjórnunareiningu (ECU) — forritanlegu IR fjarstýringarinnar sem einu aðferðina við að hafa samskipti við IR stjórnun tæki.

# 3 Byrjað með EyeMobile Plus

## 3.1 Kröfur

Fyrir EyeMobile Plus ráðleggjum við eftirfarandi lágmarks kerfiskröfur:


Hlutar	Kröfur
Tölva og örgjörvi	2.0 gígarið (GHz) eða hraðari, tvíkjarna örgjörvi (að lágmarki).
Minni (RAM)	4 gígabæti (GB) RAM (að lágmarki).
Harður diskur	450 megabæti (MB) tiltæk
USB	USB 2.0
Stjórnkerfi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Windows 7 (64-bit)</li><li>• Windows 8.1 (32-bit eða 64-bit)</li><li>• Windows 10 (32-bit eða 64-bit)</li></ul>
.NET útgáfa	4.5
Tobii augnrakningar kjarna hugbúnaður.	Útgáfa 2.8 eða nýrri



Til að geta notað EyeMobile Plus, þarf einn eftirfarandi Tobii Dynavox hugbúnaðar að vera uppsettur.

- Tobii Dynavox Windows Control
- Tobii Dynavox Augnmið

## 3.2 Yfirlit



Skýringarmynd 3.1 EyeMobile Plus

1	Augnstýring	8	Hátalarar
2	Hljóðnemar (uppsetning)	9	Stillifesting
3	Rofagátt	10	Stillihnappur
4	Straumtengill	11	Standur
5	USB tengill	12	Uppsetningarfesting
6	Micro USB tengill	13	Innrauðrar sjálfstýringar (IR) móttakari
7	Innrauð sjálfstýring (IR)		



Aldrei beita afli til að þrýsta tengli inn í gátt. Ef ekki er hægt að setja tengilinn fremur auðveldlega í gáttina, passa þeir líklega ekki saman. Passaðu að tengillinn passi í gáttina og að þú hafir staðsett tengilinn rétt í samræmi við gáttina.

Passaðu þig sérstaklega með USB tenglum.

# 4 Rafhlöður í EyeMobile Plus

## 4.1 Rafhlöður

EyeMobile Plus Tækið er með innbyggðar rafhlöður. Microsoft Windows gefur viðvaranir vegna rafhlaðna á vissum stigum. Ef EyeMobile Plus tækið er ekki hlaðið eða í sambandi við rafmagn, EyeMobile Plus slekkur tækið sjálfkrafa á sér. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *Viðauki C Tæknilýsingar, síða 21*.

## 4.2 Hleðsla á EyeMobile Plus

1. Tengdu rafmagnssnúruna við raftengilinn á tækinu.
2. Tengdu spennubreytinn við innstungu og hladdu spjaldtölvuna þar til rafhlaðan er fullhlaðin.

Ef hleðslan á rafhlöðunni fer niður fyrir 5% mun EyeMobile Plus Vera hlaðið yfir USB-tengi við spjaldtölvuna þar til EyeMobile Plus rafhlaðan nær 10% hleðslu. Með þessari hleðsluhegðun mun spjaldtölvun og EyeMobile Plus verða rafmagnslaus á sama tíma.

Fyrir geymslu og hleðslu hita rafhlöðunnar, sjá 2 Öryggi, síða 7.

### 4.2.1 Athuga hleðslustig

Til að athuga rafhleðslu EyeMobile Plus, skaltu nota rafhlöðuvaktarann í Windows 10.


### 4.2.2 Hegðun Power LED

Power LED mun skina með mismunandi litum.

LED staða	Tenging	Hleðslustaða
Grænt	USB og AC	Fullhlaðið
Blikkar grænt	USB og AC	Hlaðið í sambandi
Fjólublátt	Aðeins USB	Ekki í hleðslu (> 10%)
Blikkar fjólublátt	Aðeins USB	Hleðsla frá USB (<5%)
Appelsínugult	Aðeins í sambandi	Fullhlaðið
Blikka appelsínugulu	Aðeins í sambandi	Hlaðið í sambandi
Rautt	Óþekkt/villa	Óþekkt/villa
Slökkt	Ekki tengt	Á ekki við


# 5 Notkun EyeMobile Plus

## 5.1 Staðsetning notanda



Skýringarmynd 5.1 Staðsetning

EyeMobile Plus Er hannað til að virka best þegar það er samsíða augum notanda í fjarlægð upp á u.þ.b. 45 — 85 sm (18 til 33 tommur), sjá *Skýringarmynd 5.1 Staðsetning, síða 13* eða *Skýringarmynd 5.2 Staðsetning fyrir notendur sem halla út á hlið eða eru liggjandi, síða 13*.



Skýringarmynd 5.2 Staðsetning fyrir notendur sem halla út á hlið eða eru liggjandi

Þetta þýðir að fyrir þá notendur sem halla út á hlið eða eru liggjandi þarf EyeMobile Plus einnig að vera hallað til þess að augu notanda séu samsíða skjánum og í sem bestri fjarlægð, sjá *Skýringarmynd 5.2 Staðsetning fyrir notendur sem halla út á hlið eða eru liggjandi, síða 13*.



Passaðu að notandi sé staðsettur á þægilegan hátt með tilliti til bestu staðsetningar og fjarlægð frá einingunni. Hafðu einnig í huga að þægindi notanda, auk Windows Control frammistöðu tækisins verða aukin ef sólin skín ekki beint á skjáinn eða í augu notanda.

Kjörfjarlægð notanda frá EyeMobile Plus uppsettu á skjá/fartölvu er mismunandi eftir stærð skjásins. Notandi ætti að vera staðsettur í kjörfjarlægð til að leyfa bestu mögulegu Windows Control.

Almennt gildir að því stærri sem skjáinn er því fjær ætti notandinn að vera frá Augnstýringu / skjá fyrir besta Tobii Dynavox Windows Control notkun.

Ekki ætti að nota skjái sem eru stærri en hámarks skjástærð fyrir besta Tobii Dynavox Windows Control notkun, fyrir frekari upplýsingar sjá *Viðauki C Tæknilýsingar, síða 21*.

## 5.2 Innrauð sjálfstýring (IR)

Til að geta notað IR á EyeMobile Plus þarftu annað hvort að nota Tobii Dynavox Virtual Remote eða Tobii Dynavox Communicator 5. Fyrir frekari upplýsingar um notkun og forritun Tobii Dynavox Virtual Remote eða Tobii Dynavox Communicator 5, sjá notandaleiðbeiningar fyrir hugbúnað.

### 5.2.1 Sending IR merkja

IR sendirinn er staðsettur aftan á EyeMobile Plus tækinu, sjá stöðu 7 í *Skýringarmynd 3.1 EyeMobile Plus, síða 11*. Passaðu að beina bakhlið EyeMobile Plus í átt að tækinu sem þú vilt stjórna með IR.

### 5.2.2 Forritun IR merkja

IR móttakarinn, fyrir forritun, er staðsettur framan á EyeMobile Plus tækinu, sjá stöðu 13 í *Skýringarmynd 3.1 EyeMobile Plus, síða 11*. Passaðu að beina fjarstýringunni, merki hværrar þú vilt að Tobii Dynavox Virtual Remote eða Tobii Dynavox Communicator 5 læri, í átt að framhlið EyeMobile Plus.

# 6 Stillingar

## 6.1 Hljóðnemastillingar



EyeMobile Plus Hljóðnema uppsetningin verður stillt á sjálfvalin hljóðnema í Microsoft Windows á meðan á uppsetningu Tobii Dynavox Windows Control Hugbúnaður stendur.

Hægt er að setja upp innbyggðu hljóðnemana með **Microsoft Windows Control Panel > Sound > Recording**.



Við vísum til upplýsinga Microsoft um hvernig á að setja upp hljóðnemana í Microsoft Windows Control Panel.

## 6.2 Rofastillingar

Innbyggðu rofagáttirnar á EyeMobile Plus eru ætluð til notkunar með einum 3,5 mm rofa sem tengdur er beint í eitt af tveimur (2) rofagáttum á EyeMobile Plus. Rofagáttirnar eru sjálfvalið stilltar sem „Joystick 1“ og „Joystick 2“ í Windows.

Rofavirknin er virkjuð innan viðeigandi hugbúnaðar.

1. Tengdu fyrsta rofann við eina af rofagáttunum á EyeMobile Plus.
2. Ef tvo (2) rofa þarf, skal tengja seinni rofann við hina rofagáttina á EyeMobile Plus.

## 6.3 Uppsetning Windows Hello



Virkar aðeins með Windows 10.

1. Opnaðu **Windows Start** valmyndina.
2. Veldu **reikning þinn**.
3. Veldu **Breyta reikningsstillingum**.
4. Veldu **Innskráningar** valkosti.
5. Settu upp PIN-númer til að halda áfram.
6. Veldu **Bæta við** hnappinn undir PIN-númerinu og fylgdu næstu skrefum.



Þegar þú hefur gert það munu valkosturinn að setja upp Windows Hello aflæsast.

7. Eftir að þú hefur valið PIN-númer, getur þú valið **uppsetning** undir **andlit**.
8. Ef þú vilt frekari bakgrunnsupplýsingar um **Windows Hello** skaltu velja **Læra meira**. Eða bara **Byrja** til að halda áfram.
9. Myndavélin í augnstýringunni mun núna hjálpa þér að staðsetja þig fyrir framan skjáinn með því að sýna rauntímastreymi frá myndavélinni. Eftir að þú hefur staðsett þig rétt fyrir framan myndavélina mun uppsetning andlitskennsla hefjast sjálfkrafa.
10. Þegar þú hefur lokið uppsetningu, mun valkostur um að **bæta kennsl** verða tiltækur.



Þetta getur verið mjög gagnleg ef þú notar gleraugu þar sem þá er hægt að taka upp mynd af þér með eða án þeirra.

## 7 Viðeigandi hugbúnaður

EyeMobile Plus Er með þó nokkra mismunandi notkunarmöguleika miðað við þarfir notenda og uppsettan hugbúnað.

Sjá [www.tobiidynavox.com](http://www.tobiidynavox.com) fyrir stuðning og skjöl um mismunandi samhæfðan hugbúnað.



# 8 Umhirða vöru

## 8.1 Hiti og rakastig

### 8.1.1 Almenn notkun

EyeMobile Plus geymist best í þurrum aðstæðum við stofuhita. Ráðlegt er að tækið sé ekki notað í hita eða raka sem fellur utan eftirfarandi gilda:

- Hiti: 10°C til 35°C (50°F til 95°F)
- Raki: 20% til 80% (rakastig, engin rakapétting á tækinu)

### 8.1.2 Flutningur og geymsla

Ráðlegt er að tækið sé ekki flutt eða geymt í hita eða raka sem fellur utan eftirfarandi gilda:

- Hiti: -20°C til 60°C (-4°F til 140°F)
- Raki: 20% til 80% (rakastig, engin rakapétting á tækinu)

EyeMobile Plus er hvorki vatnsheld né vatnspétt. Tækið ætti ekki að vera þar sem er mjög rakt eða blautt. Ekki setja tækið ofan í vatn eða annan vökva. Passið að ekki hellist vökvi á tækið.

## 8.2 Þrif

Áður en EyeMobile Plus er þrifið skal slökkva á tölvunni sem það tengist og taka allar snúrur úr sambandi. Notaðu mjúkan, eilítið rakan, sléttan klút. Passið að raki komist ekki í opin á tækinu. Ekki nota gluggahreinsi, þrifefni, úða, leysiefni, alkóhól, ammoníak eða fægilög til að hreinsa tækið.

Ráðlegt er að hreinsa tækið reglulega.

## 8.3 Flutningur á EyeMobile Plus

Taktu USB-snúruna úr sambandi og notaðu flutningstöskuna. EyeMobile Plus er tiltölulega viðkvæmt og sían getur rispast ef hún er ekki vernduð almennilega; passaðu að grípa til ráðstafana til að vernda tækið þegar það er flutt og pakkað niður.

Þegar þú flytur tækið vegna viðgerða, flutnings eða ferðalaga, skaltu nota umbúðirnar sem það kom í.



Þegar EyeMobile Plus er fest við skjá/fartölvu, má ekki halda á tengdu tæki með því einfaldlega að halda í EyeMobile Plus. EyeMobile Plus getur ekki haldið þyngd skjás/fartölvu, og tækin gætu brotnað í sundur og dottið, eða dottið um koll og dottið vegna ójafnvægis í þyngd, sem gæti valdið varanlegum skemmdum á báðu. Tobii Dynavox ber ekki skaðabótaábyrgð á skemmdunum sem af þessu stafar.

## 8.4 Förgun á EyeMobile Plus

Ekki farga EyeMobile Plus Með almennu húsa- eða skrifstofusorpi. Fylgdu gildandi reglum um förgun á rafmagns- og rafeindabúnaði.

# Viðauki A Stuðningur og ábyrgð

## A1 Notendajónusta

Ef þig vantar aðstoð skaltu hafa samband við fulltrúa á staðnum eða Tobii Dynavox Support. Til þess að fá aðstoð jafn skjótt og auðið er, skaltu passa að þú hafir aðgang að EyeMobile Plus og, ef hægt er, nettengingu. Þú þarft líka að gefa upp raðnúmer tækisins, sem þú finnur á aftan á tækinu. Finndu stuðningssíður okkar á netinu á: [www.TobiiDynavox.com](http://www.TobiiDynavox.com) eða [www.myTobiiDynavox.com](http://www.myTobiiDynavox.com).

## A2 Ábyrgð

Lestu Manufacturer's Warranty paper included in the package.

Lestu þessar notendaleiðbeiningar vandlega áður en þú notar tækið. Ábyrgðin er aðeins í gildi ef tækið er notað í samræmi við þessar notendaleiðbeiningar. Ef tækið er tekið í sundur EyeMobile Plus ógildir það ábyrgðina.



Ráðlagt er að passa upp á umbúðirnar sem komu með EyeMobile Plus.

Ef skila þarf tækinu til Tobii Dynavox vegna ábyrgðartengdra vandamála eða viðgerðar, er betra að nota upphaflegar umbúðir eða svipað til að flytja það í. Flestir flutningsaðilar krefjast að minnsta kosti 5 sm þykks lags af umbúðaefni utan um tækið.

**Athugið:** Vegna reglna frá Joint Commission, þarf allt umbúðaefni, þ.m.t. kassar sem sendir eru til Tobii Dynavox að fara í förgun.

# Viðauki B Fylgni upplýsingar



EyeMobile Plus Er CE-merkt, sem gefur til kynna fylgni við grundvallar heilbrigðis- og öryggiskröfur sem settar eru fram í Evróputilskipunum.

## B1 FCC yfirlýsing

Þetta tæki uppfyllir Hluta 15 af reglum FCC. Notkun fellur undir eftirfarandi tvö skilyrði: (1) þetta tæki má ekki valda skaðlegum truflunum, og (2) þetta tæki verður að móttaka hverskonar truflanir, þ.m.t. truflanir sem gætu valdið óæskilegri notkun.



Breytingar sem eru ekki sérstaklega samþykktar af Tobii Dynavox gætu ógilt heimild notanda til að nota búnaðinn undir FCC reglum.

Þessi búnaður var prófaður og lýstur uppfylla mörk fyrir stafrænt tæki í B-flokki, í samræmi við hluta 15 af reglum FCC. Þessum mörkum er ætlað að gefa eðlilega vernd gegn skaðlegum truflunum í uppsetningu á heimili. Þessi búnaður myndar, notar og getur sent frá sér útvarpsbylgjur og, ef hann er ekki settur upp og notaður í samræmi við leiðbeiningar, getur valdið skaðlegum truflunum á útvarpsamskiptum.

Engu að síður, er engin ábyrgð tekin á að truflun komi ekki upp við tiltekna uppsetningu. Ef þessi búnaður veldur skaðlegum truflunum á útvarps- eða sjónvarpsmóttöku, sem hægt er að sjá út með því að slökkva og kveikja á búnaðinum, er notanda ráðlagt að reyna að lagfæra truflanirnar með einum eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:

- Snúa móttökulofnetinu eða setja það á annan stað.
- Auka aðskilnað á milli búnaðarins og móttakarans.
- Tengja búnaðinn við innstungu á annarri æð en móttakarinn er tengdur við.
- Hafa samband við smásöluðila eða reyndan útvarps/sjónvarps tæknimann og fá ráðleggingar.

## B2 Iðnaður í Kanada yfirlýsing

Þessi B-flokks stafræni tækjabúnaður uppfyllir kanadísk ICES-003.

Cet appareil numérique de la classe B est conforme à la norme NMB-003 du Canada.

## B3 CE yfirlýsing

EyeMobile Plus uppfyllir eftirfarandi Tilskipanir:

- 2014/30/EU (EMC) - Electromagnetic Compatibility Directive
- 2014/35/EU (LVD) - Low Voltage Directive
- 2011/65/EU (RoHS) - Restriction of Hazardous Substances Directive
- 2012/19/EU - WEEE Directive
- 2006/121/EC, 1907/2006/EC Annex 17 - Reach Directive

## B4 Staðlar

EyeMobile Plus uppfyllir eftirfarandi staðla:

- FCC part 15, Class B
- ICES-003 Issue 6:2016 Class B
- EN 55032: 2012+AC: 2013 Class B
- EN 55024:2010+A1:2015
- EN 61000-3-2: 2014
- EN 61000-3-3: 2013
- IEC 61000-4-2 Ed. 2.0: 2008
- IEC 61000-4-3 Ed. 3.2: 2010
- IEC 61000-4-4 Ed. 3.0: 2012
- IEC 61000-4-5 Ed. 3.0: 2014
- IEC 61000-4-6 Ed. 4.0: 2013

- IEC 61000–4-8 Ed. 2.0: 2009
- IEC 61000–4-11 Ed. 2.0: 2004
- FCC CFR Title 47 Part 15 Subpart B: 2015, Class B
- CISPR 22: 2008, ANSI C63.4: 2014
- AS/NZS CISPR 32: 2013, Class B

# Viðauki C Tæknilýsingar

Tæknilýsingar	EyeMobile Plus
<b>Gagnatiðni Gaze</b>	60 Hz
<b>Gagnastreymi</b>	Augnstýring (gaze point, augnstaða, o.s.frv.) IR myndastreymi á 30 fps
<b>Rafmagnsnotkun</b> Full notkun	1.5 W meðaltal
<b>Örgjörvi</b>	Tobii EyeChip™ með innfeldri vinnslu
<b>Viðmót</b>	USB 2.0 <sup>1</sup> (rafmagn og merki)
<b>Höfuðhreyfingarkassi<sup>2</sup> stærð í fjarlægð</b> @ 45 sm (@ 17,1") @ 50 sm (@ 19,7") @ 65 sm (@ 25,6") @ 80 sm (@ 31,5")	>20 sm × 20 sm sporbaugur >7,9" × 7,9" >25 sm × 20 sm sporbaugur >9,8" × 7,9" >40 sm × 30 sm sporbaugur >15,7" × 11,8" >35 sm × 35 sm hringur >13,8" × 13,8"
<b>Fjarlægð frá notanda að augnstýringu</b>	45 sm - 80 sm 18" - 33"
<b>Fínstilling notanda</b> (fyrri rakningarkraftur)	>99%
<b>Fundið augntillit</b> Samskipti > Hz Hámarks rammatiðni hrárra gagna	99% til 95% af þýði <sup>4</sup> 90% til 95% af þýði <sup>4</sup>
<b>Hittni augntillits</b> Yfir 95% af þýði <sup>3</sup> Yfir 90% af þýði <sup>3</sup> Yfir 80% af þýði <sup>3</sup> Yfir 65% af þýði <sup>3</sup> Fullkomið <sup>4</sup>	<1,9° <1.7° <1.3° <1.0° <0,3°
<b>Nákvæmni augntillits</b> Yfir 95% af þýði <sup>3</sup> Yfir 90% af þýði <sup>3</sup> Yfir 80% af þýði <sup>3</sup> Yfir 65% af þýði <sup>3</sup> Fullkomið <sup>4</sup>	<0.4° <0.3° <0.25° <0.2° <0,1°
<b>Hámarks hraði höfuðhreyfinga</b> Augnstaða Gögn augntillits	40 sm/s (15,7 in/s) 10 sm/s (3.9 in/s)
<b>Hámarks halli höfuðs</b>	>20°

Tæknilýsingar	EyeMobile Plus
Hámarks geig, halli	25°
Sýnileiki	Lítill sýnileiki (850 nm)
Flökt	Ekkert flökt (30 Hz stöðugt)
<b>Gagnaflæði og gagnatiðni</b>	
Biðtími augntillits	25 ms
Endurheimt augntillits	100 ms
lágupplausnarstreymi	640×480 @30 Hz
<b>Einingastærð</b> (Lengd × hæð × dýpt)	170 mm × 172 mm × 40 mm 6,7" × 6,8" × 1,6"
<b>Einingaþyngd</b>	670 g 23,6 oz
<b>Tobii vottaðar spjaldtölvur<sup>5</sup></b>	Microsoft Surface Pro 4 og Surface Pro
<b>Umfang studdra spjaldtölva</b> (Lengd × hæð × dýpt)	265-310 mm × 185-205 mm × 8-10 mm 10,4-12,2" × 7,3-8,1" × 0,3-0,4"
<b>Hljóðnemi</b>	Hljóðnema uppsetning sem samanstendur af 4 hljóðnemunum
<b>Gáttir</b>	2 × 3,5 mm rofatengilsviðmót 1 × USB 2.0 1 × micro USB 3.0 1 × 5 VDC 4.4 mm Barrel Power tengill
<b>Hátalarar</b>	2 × 3,5 W
<b>IR fjarstýring</b> (Umhverfisstjórnunareining)	Lærandi fjarstýring með samþætt gagnasafn for-forritaðra tækja
<b>Keyrslutími rafhlöðu</b>	> 9 klst. venjuleg notkun
<b>Rafhlöðutækni</b>	Li-ion Polymer endurhlaðanleg rafhlaða
<b>Rafhlöðurými</b>	28 Wh
<b>Hleðslutími rafhlöðu</b>	< 4 klst.
<b>Rafmagn</b>	5 VDC 3A AC spennubreytir

1. USB2 kröfur: USB 2.0 BC1.2 sér Tobii IS4 fyrir nægilegu rafmagni og bandvið merkis.
2. Höfuðkassi lýsir rýminu fyrir framan augnstýringuna þar sem notandi verður að hafa a.m.k. eitt auga til að fá gögn augntillits. Augnstýringin er í 20° horni og lítur upp neðan frá skjánum.
3. Hittnistig og nákvæmni yfir hlutfall af þýði tölur koma frá viðtækum prófunum á fulltrúa alls þýðisins. Við höfum notað hundruð þúsunda greiningamynda og framkvæmd prófanir á um það bil 800 einstaklingum í mismunandi ástandi, sjón, þjóðaruppruna, ryki, kám og lýti í kringum augu þeirra, með augu ekki í fókus, o.s.frv. Þetta hefur gefið mun öflugri og betri frammistöðu augnstýringar og mun raunhæfari framsetningu á raunverulegri frammistöðu yfir allt þýðið, ekki bara í stærðfræðilega „fullkomnum“ aðstæðum.
4. „Fullkomnar“ gráðutölur eru fyrri staðlar mælingarnákvæmni og hittni, sem koma áður frá Tobii og núna frá öllum augnstýringar samkeppnisaðilum. Þó að „fullkomnar“ tölur séu gagnlegar til að fá almenna tilfinningu fyrir samanburði á gæðum og frammistöðu, eiga þær ekki við um raunverulega notkun á sama hátt og hittnistig og nákvæmni yfir hlutfall þýðis tölur byggðar á yfirgripsmiklum prófunum á allskonar fulltrúum alls þýðisins.
5. Aðrar spjaldtölvur sem uppfylla kerfiskröfur og stutt umfang gætu verið samhæfðar, eins lengi og USB-gáttin og hleðslutengingin passa í EyeMobile Plus festinguna.



Höfundarréttur ©Tobii AB (publ). Skýringarmundir og tæknilýsingar eiga ekki endilega við vörur og þjónustu sem eru til boðs á hverjum staðbundnum markaði. Tæknilýsingar geta breyst án fyrirvara. Öll önnur vörumerki eru í eigu hlutaðeigandi eiganda.

## Stuðningur fyrir Tobii Dynavox tækið þitt

Fáðu hjálp á netinu

Sjáðu vörusértækar stuðningssíður fyrir Tobii Dynavox tæki þitt. Hún inniheldur dagréttar upplýsingar um vandamál og ábendingar og ráð sem tengjast vörinni. Finndu stuðningssíður okkar á netinu á: [www.TobiiDynavox.com](http://www.TobiiDynavox.com) eða [www.myTobiiDynavox.com](http://www.myTobiiDynavox.com).

Hafðu samband við sölufulltrúa þinn eða endursöluaðila

Sérðu með spurningar eða vandamál varðandi vöruna, skaltu hafa samband við sölufulltrúa Tobii Dynavox eða heimilaðan endursöluaðila. Þeir hafa mesta þekkingu á persónulegri uppsetningu þinni og eiga þess vegna best með að hjálpa þér með ábendingum og þjálfun í notkun vörunnar. Tengiliðaupplýsingar færðu hjá: [www.TobiiDynavox.com/contact](http://www.TobiiDynavox.com/contact)